

KJARASAMNINGUR

milli

VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna

og

Félags atvinnurekenda

1. gr.

Kjarasamningur þessi er hluti lífskjarasamningsins 2019 - 2022 sem undirritaður hefur verið af VR og FA. Kjarasamningurinn felur í sér sameiginlega launastefnu samningsaðila, almennar launabreytingar, sérstakan hagvaxtarauka, kauptryggingu vegna launaþróunar og samningsforsendur.

2. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna við FA.

3. gr.

Launabreytingar

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til þeirra sem fá laun greidd skv. taxa. Launahækkunir samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

| | |
|-----------------|------------|
| 1. apríl 2019: | 17.000 kr. |
| 1. apríl 2020: | 18.000 kr. |
| 1. janúar 2021: | 15.750 kr. |
| 1. janúar 2022: | 17.250 kr. |

Kauptaxtar

Kauptaxtar hækka sérstaklega.

| | |
|-----------------|------------|
| 1. apríl 2019: | 17.000 kr. |
| 1. apríl 2020: | 24.000 kr. |
| 1. janúar 2021: | 24.000 kr. |
| 1. janúar 2022: | 25.000 kr. |

Verða:

| | |
|-----------------|-------------|
| 1. apríl 2019: | 318.410 kr. |
| 1. apríl 2020: | 342.410 kr. |
| 1. janúar 2021: | 366.410 kr. |
| 1. janúar 2022: | 391.410 kr. |

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Mio' and 'S/S'.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019 92.000 kr.

Á árinu 2020 94.000 kr.

Á árinu 2021 96.000 kr.

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

Eingreiðsla: Sérstakt álag á orlofsuppbót 2019

Á árinu 2019 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, 26.000 kr. Orlofsuppbót árið 2019 greiðist eigi síðar en 2. maí.

5. gr.

Gildistími og atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 24. apríl 2019.


6. gr.

Fylgiskjöl

Í fylgiskjali 1 eru bókanir og breytingar á einstaka köflum aðalkjarasamnings.

Reykjavík 5. apríl 2019

F.h. VR/LÍV


Þorgerður Ingólfsson
Svein Sveinsson

F.h. Félags atvinnurekenda


Magnús Ólafsson

Móó

Fylgiskjal 1: Breytingar á einstaka greinum aðalkjarasamnings

Frá 1. janúar 2020 breytast deilitölur í samningi þessum í samræmi við ákvæði greinar 1.7.1. um deilitölur vegna tímakaups.

Frá 1. janúar 2020 er dagvinnutímakaup hvers starfsmanns fundið með því að deila tölunni 153,86 í föst mánaðarlaun viðkomandi.

Grein 2.1. breytist í samræmi við vinnutímastyttingu þannig að við lok greinar kemur ný setning:

Frá 1. janúar 2020 verður virkur vinnutími fyrir fulla dagvinnu 35 klst. og 30 mínútur á viku.

Grein 2.1.2. 2. mgr. í stað 36,15 stundir kemur 35 klst og 30 mínútur.

Ný grein 2.1.10. Framkvæmd vinnutímastyttingar.

Vinnutímastytting tekur gildi 1. janúar 2020. Atvinnurekendur skulu hafa samráð við launamenn um tillögu að útfærslu vinnutímastyttingar á grundvelli eftirfarandi valkosta:

- a) Hver dagur styttest um 9 mínútur
- b) Hver vika styttest um 45 mínútur
- c) Safnað upp innan ársins
- d) Vinnutímastyttingu með öðrum hætti

Samkomulag skal hafa náðst um framkvæmd vinnutímastyttingar fyrir 1. desember 2019. Ef samkomulag næst ekki styttest vinnutími um 9 mínútur á dag miðað við fullt starf.

Atvinnurekanda er heimilt vegna skipulags og nauðsynlegrar samræmingar á vinnustað að tilkynna starfsmanni með a.m.k. mánaðar fyrirvara um breytt fyrirkomulag vinnutímastyttingar.

Ný málsgrein bætist við í grein 4.2. sem hljóðar svo:

Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga utan skilgreinds orlofstímabils 2. maí til 15. september nema um annað hafi samist. Ef starfsmaður óskar eftir að taka orlof utan framangreinds tímabils ber að verða við því að því leyti sem unnt er vegna starfseminnar.

Grein 4.1.2.

5. mgr. fellur niður; „Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga að vetri nema um annað hafi samist.“

Grein 8.5 við bætist ný málsgrein eftir 1. málsgrein sem hljóðar svo:

Sama á við um börn undir 16 ára aldri þegar veikindi eru það alvarleg að þau leiði til sjúkrahúsvistar í a.m.k. einn dag.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "P.B.", "Mjö", and "SFC".

Grein 12.1. Við bætist nýr skýringarkassi í lok greinarinnar:


Vinnustaður telst í þessu sambandi sérhvert fyrirtæki þar sem hópur manna vinnur saman. Þar sem starfsstöðvar fyrirtækis eru fleiri en ein á að veita trúnaðarmanni svigrúm til að sinna trúnaðarmannsstörfum sínum á öllum starfsstöðvum ellegar kjósa fleiri trúnaðarmenn til að sinna þeim störfum.

Reykjavík 5. apríl 2019

F.h. Félags atvinnurekenda



F.h. VR/LÍV



Bókun um leiguíbúðafélag

Aðilar munu sameiginlega þróa áfram hugmyndir og útfærslur fjármögnunar leiguíbúðafélags, m.a. með aðkomu lífeyrissjóðs á samningsviði aðila. Markmið félagsins er húnæðisöryggi leigjenda, hagstæð húsaleiga og að skapa góðan fjárfestingarkost fyrir lífeyrissjóði.

Bókun um fagnám í verslun

Fagnám í verslun er verkefni sem gefur starfsmönnum kost á að sækja allt að 90 feininga nám og fá hæfni sína metna til launa. Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins verður nýtt til að starfsmenn sem búa yfir tilgreindri hæfni fái hana metna til styttingar á náminu.

Námið fer fram í Verslunarskóla Íslands og verður blanda af fjarnámi, staðbundnum lotum og vinnustaðanámi. Námið gefur 90 feiningar sem skiptast í 60 feiningar í bóklegum starfstengdum áföngum og 30 feiningar í vinnustaðanámi undir leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað.

Námið byggir á hæfnigreiningum starfsins [Verslunarfulltrúi](#) sem hefur verið sett á 2. þrep í ISQF og [Millistjórnanda í verslun](#) sem hefur verið sett á 3. þrep í ISQF.

Umsókn starfsmanns í námið er háð samþykki fyrirtækis og fer vinnustaðanámshluti námsins fram í samvinnu við fyrirtækið með aðkomu starfsþjálfara. Stefnt er að því að hefja námið í janúar 2020, en einstaklingum verði boðið í raunfærnimat í október/nóvember 2019.

Samningsaðilar eru sammála um að meta skuli hæfni starfsmanna á grundvelli námsins til launa. Hvor samningsaðili getur óskað eftir að fulltrúar samningsaðila fari yfir hvernig hæfnin skuli metin til launa.

F.h. Félags atvinnurekenda



F.h. VR/LÍV

